

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 5. febrúar 1957.

Í 3. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála er svo sagt, að kjósi sökunautur að svara spurningu dómara, skuli bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli.

Dómurinn lítur svo á, að þar sem talvél sé nauðsynleg eða kunni að vera nauðsynleg, sé fyrst og fremst ætlað til, að það sé talvél embættisins og stjórnað af þeim, er dómurinn setur til þess. Hins vegar kemur nú réttargæzlumaðurinn sjálfur með eigin talvél og spólur, og kann enginn hér við embættið á slíkar vélar.

Þá telur dómurinn, að notkun talvélar í þessu tilfelli sé alls-
endis óþörf og ónauðsynleg, þar sem hér sé að ræða um vitni, sem ástæðulaust sé að ætla, að geti ekki komið hugsunum sínum skýrt fram, og enn fremur með tilliti til þess, að réttargæzlumaður þeirra er staddur við vitnaleiðslurnar einmitt til þess að gæta þess, að orðalag þeirra sé ekki misskilið.

Því úrskurðast:

Notkun talvélar réttargæzlumannsins skal ekki leyfð í þessu réttarhaldi.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1957.

Nr. 80/1956. Elli- og hjúkrunarheimilið Grund

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1956. Hinn 9. október 1956 fékk hann gjaf-sóknarleyfi fyrir Hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Hann

krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 69.915.12 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal máflutningslaun til talsmanns síns fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvinnurekandi er skyldur til að ganga af sjálfsdáðum svo frá vélum sínum og búnaði þeirra, að öryggi starfsmanna hans sé tryggt, svo sem kostur er, og ber atvinnurekandinn því ábyrgð til skaðabóta á slysum, sem hljótast af ónógri rækslu þessarar skyldu. Ákvæði laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum miða að því að efla almennt öryggi á vinnustöðum, en draga á engan hátt úr skyldum atvinnurekanda. Áfrýjandi getur því eigi framkafið ríkissjóð um skaðabætur, sem hann hefur orðið að greiða vegna mistaka um umbúnað véla sinna, þótt eftirlit af hendi ríkisins með vélunum kunni eigi að hafa verið framkvæmt með þeirri kostgæfni, sem skyldi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Máflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Máflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Elli- og hjúkrunarheimilið Grund hér í bæ höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 19. janúar s.l., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 69.915.12 auk

6% ársvaxta frá 1. apríl 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð til verulegra muna og málskostnaður verði látinn falla niður. Loks hefur stefndi mót-mælt sérstaklega kröfum stefnanda um vexti nema frá stefnudegi.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1947 réðst stúlkan Áslaug Valdimarsdóttir frá Hellis-sandi til vinnu hjá stefnanda. Starfaði hún í þvottahúsi stefnanda meðal annars við það að slétta þvott í strokvindu. Hinn 13. febrúar 1948 vann hún að því að slétta vasaklúta o. fl. í vindu einni, frekar lítilli. Vinda þessi var knúin rafmagni, og undir vinnuborði hennar var hreyfiás einn óvarinn, sem snerist hratt. Samkvæmt teikningu, sem lögð hefur verið fram af vindunni, var hreyfiásinn í um 70 cm hæð frá gólfi. Hann var um 10 cm inn undir brún vinnuborðs vindunnar og um 12 cm fyrir neðan borðið. Meðan stúlkan var að starfi þessu, missti hún nokkra vasa-klúta á gólfið og beygði sig niður til að taka þá upp. Þegar hún beygði sig, vafðist hár hennar, sem var óvarið, utan um nefndan hreyfiás. Stúlkan gat ekki stöðvað vinduna, þegar svona var komið, þar sem straumrofi fyrir hana var uppi á vegg, og skipti það engum togum, að hluti af húðinni á höfði hennar flettist af með hárinu frá hægri augabrún og aftur fyrir miðjan hvirfil, en þar slitnaði höfuðleðrið alveg frá höfðinu, og losnaði þá stúlkan um leið. Hún var síðan flutt í sjúkrahús til aðgerðar. Lá hún þar fram í aprílmánuð 1948, en fór þá heim til sín og dvaldi þar um nokkurt skeið. Vinnu hóf hún aftur í októbermánuði 1948, en á árinu 1951 sigldi hún til Danmerkur til þess að fá lagfæringu á lýtum þeim, sem hún hafði hlotið við meiðslin. Þar var gert að örum hennar, og fékk hún nokkurn bata, að því er lýtin varðaði.

Með stefnu, útgefinni 25. september 1952, höfðaði stúlka þessi síðan mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnanda til greiðslu skaðabóta sér til handa vegna slyssins. Þeirri málsókn lauk með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 1. október 1954, þar sem stefnandi var dæmdur til að greiða stúlkunni kr. 56.161.13 með 6% ársvöxtum frá 5. september 1952 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað. Dómi þessum var eigi áfrýjað, og greiddi stefnandi hann að fullu 1. apríl 1955. Í forsendum dómsins er komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrrnefndur hreyfiás hafi verið hættulegur því fólki, sem við vinduna vann, þar sem hann var óvarinn, en auðvelt hafi verið að setja um hann öryggishlíf. Var vanbúnaður

ássins talinn meginorsök slyssins að því viðbættu, að ekki hafi verið gengið nægilega eftir því af fyrirsvarsmönnum stefnanda, að stúlkan, sem fyrir slysinu varð, notaði höfuðklút eða annan umbúnað um hár sitt til öryggis. Hins vegar var og talið, að stúlk- an hefði sýnt nokkra vangæzlu við starfið, og var sök á slysinu því skipt þannig, að stefnandi bæri gagnvart stúlkunni fébóta- ábyrgð á slysinu að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Samkvæmt skoðunarvottorðum Verksmiðju- og vélæftirlits ríkisins fór fram skoðun á vélakosti stefnanda hinn 18. ágúst og 1. október 1947. Eftir fyrri skoðunina krafðist Verksmiðju- og vélæftirlitið tiltekinna lagfæringa, en eftir síðari skoðunina gaf það út vottorð þess efnis, að umbúnaður væri góður.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi mátt treysta réttmæti vottorðs þessa. Hann hafi því verið grand- laus um, að umbúnaður strokvindunnar væri á allan hátt löglegur. Hins vegar hafi eftir umrætt slys komið á daginn, að vottorðið hafi verið rangt og löglaut, þar sem í 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 24/1928 og 1. málsgr. 37. gr. reglugerðar nr. 10/1929, en þessi ákvæði giltu um öryggiseftirlit á þeim tíma, er slysið varð, sé beint boðið, að hreyfihlutar véla, sem mönnum geti stafað hætta af að nálgast, skuli vera varðir af hlífum eða girðingum, en ás strokvindunnar, sem hár stúlkunnar lenti í og slysinu olli, hafi reynzt óvarinn. Verksmiðju- og vélæftirlit ríkisins eigi því sök á því tjóni, sem honum hafi verið gert að greiða með fyrrgreind- um bæjarþingsdómi, en ríkissjóður beri að sjálfsögðu ábyrgð á starfsmönnum Verksmiðju- og vélæftirlits ríkisins og sé því mál- inu beint að fjármálaráðherra fyrir ríkissjóðs hönd, enda sé og greitt í ríkissjóð sérstakt gjald fyrir þjónustu Verksmiðju- og vélæftirlitsins.

Hefur stefnandi sundurliðað stefnukröfuna svo:

1. Höfuðstóll fébótanna	kr. 56.161.13
2. 6% ársvextir frá 5. september 1952 til greiðslu- dags	— 8.677.91
3. Málskostnaður	— 5.000.00
4. Endurrit dóms	— 45.00
5. Birting dóms	— 31.08

Samtals kr. 69.915.12

Stefndi reisir í fyrsta lagi sýknukröfuna á því, að forsvaran- legi hafi verið að hafa umræddan ás óvarinn, og styður það við umsagnir forstjóra og starfsmanna Verksmiðju- og vélæftirlitsins í bréfum til lögmanns stefnanda, dags. 11. og 13. nóvember 1952.

Í bréfi forstjórans segir meðal annars, að þar sem ásin hafi verið undir borði strokvindunnar hafi hann verið talinn nægilega varinn af borðinu og því hættulaus, miðað við það, að sá, sem við vinduna ynni, gætti þeirrar aðgæzlu, er ávallt sé sjálfsögð í nálægð véla. Telur forstjórinn, að slysið hefði ekki orðið, ef stúlkan hefði stöðvað vinduna, áður en hún beygði sig undir hana, og heldur ekki, ef hún hefði haft hárhlíf, enda þótt vandan hefði verið í gangi. Sé því óaðgæzlu stúlkunnar sjálfrar um að kenna, hafi henni verið bent á hættu þá, sem vinnu hennar gat verið samfara, eða fyrir hana lagt að hafa hárhlíf, en að öðrum kosti sé um að kenna vanrækslu þess, sem verkstjórn hafði á hendi, hafi hann ekki varað stúlkuna við hættunni og gefið henni fyrirmæli um að nota hárhlíf og fylgt með því, að þeim fyrirmælum væri hlýtt. Þá segir m. a. í bréfi starfsmannsins, að umræddur ás hafi talizt mjög ólíklegur slysstaður, þótt hann væri hlífarlaus, vegna þess að hann var inn undir vinduborðinu og naumast hægt að gera ráð fyrir nokkrum athöfnum þar, svo geri og eftirlitið ráð fyrir, að farið sé eftir ítrekuðum áminningum þess um það, að kvenfólk, sem við vélar vinni, hafi klút eða net til hlífðar hári sínu. Hins vegar telur starfsmaðurinn það augljóst, að hlíf um ásin hafi hindrað slysið.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að þótt starfsmönnum Verksmiðju- og vélaeftirlitsins kunni að hafa skjátlazt við mat sitt á hættumöguleikum af umræddum ás, og því ekki talið þörf á að setja um hann hlíf, þá geti slíkt ekki orðið grundvöllur kröfu til fébóta vegna starfs þeirra. Telur stefndi, að enda þótt skoðun Verksmiðju- og vélaeftirlitsins hafi farið fram á tilteknum skoðunarskyldum tækjum og það síðan vottað, að umbúnaður þeirra væri fullnægjandi, þá eigi það ekki að leysa atvinnurekendur undan ábyrgð á því, að umbúnaðurinn sé raunverulega í lagi, þar eð ella megi við því búast, að þeir slökuðu á eftirliti með öryggisbúnaði tækja sinna, en slíkt færi í bága við markmiðið með þjónustu Verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins.

Niðurstöðu fyrrgreinds bæjarþingsdóms, sem ekki hefur verið hnekkt, þykir verða að leggja til grundvallar um það, að meginorsök slyss þess, sem stúlkan Áslaug Valdimarsdóttir varð fyrir við vinnu sína hjá stefnanda hinn 13. febrúar 1948, hafi verið sú, að oftnefndur ás var óvarinn, enda var þegar eftir slysið sett hlíf á hann. Þykir Verksmiðju- og vélaeftirlitið því hafa vanmetið hættumöguleika þá, sem af ásnum óvörðum gátu stafað.

Að sjálfsögðu er þjónusta Verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins fyrst og fremst í té látin til þess að tryggja, eftir því sem við verð-

ur komið, öryggi þeirra, sem við vélar og önnur hættuleg tæki vinna. Hlýtur oft að koma til greina í starfi starfsmanna Verksmiðju- og vélaeftirlitsins mat á því, hvort tiltekinn umbúnaður eða frágangur tækja sé fullnægjandi. Og þó að starfsmönnum kunni að skjátlast í mati sínu á hættumöguleikum, verður að telja, að slíkt eigi ekki að draga úr eða leysa atvinnurekendur undan ábyrgð á tækjum sínum og umbúnaði þeirra.

Að þessu athuguðu og þar sem ekki verður annað séð en áður greint vottorð Verksmiðju- og vélaeftirlitsins varðandi umbúnaðinn hjá stefnanda hafi verið gefið í góðri trú um það, að umræddur ás væri, eftir því sem á stóð, hættulaus, þykja ekki nægileg rök hníga að því að leggja fébótaábyrgð á stefnda af þessu efni.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 49/1956. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

Vilhjálmí Elíasi Þórhallssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.